


Miðpróf tónfræðagreina vorið 2009 Tölfræðileg úrvinnsla

Alls þreyttu 79 nemendur í 12 tónlistarskólum miðpróf tónfræðagreina vorið 2009 og stóðust allir nemendurnir próf.

Meðaleinkunn á prófinu á landsvísu var 8,05. Hæsta einkunn var 9,8 og lægsta einkunn 6,0. Mynd 1 sýnir einkunnadreifingu nemenda sem þreyttu prófið.



Mynd 1: Miðpróf tónfræðagreina 2009. Einkunnadreifing nemenda sem þreyttu próf.

Miðpróf tónfræðagreina er þrískipt, þ.e. skriflegt próf (60 einingar), munnlegt próf (20 einingar) og valverkefni (20 einingar). Enn fremur er skriflegum hluta prófsins skipt í þrjá þætti: (i) skrifleg tónheyrn, (ii) hlustun, greining og saga og (iii) tónfræðileg þekkingaratriði, sem hafa jafnt vægi, hver um sig 20 einingar. Á vitnisburðarblöðum nemenda er heildareinkunn sundurliðuð í áðurnefnda fimm þætti. Meðaleinkunn í hverjum þætti prófsins á landsvísu var eftirfarandi.


Skriflegt próf:

- (i) Skrifleg tónheyrn: 15,87 einingar (af 20)
- (ii) Hlustun, greining og saga: 16,11 einingar (af 20)
- (iii) Tónfræðileg þekkingaratriði: 16,00 einingar (af 20)

Munnlegt próf: 14,70 einingar (af 20)

Valverkefni: 17,80 einingar (af 20)

Mynd 2 sýnir meðaleinkunn nemenda í einstökum prófþáttum, sem og meðaltal heildareinkunnar.



Mynd 2: Miðpróf í tónfræðagreinum 2009. Meðaleinkunn einstakra prófþátta og meðaltal heildareinkunnar. Allir fimm þættir prófsins vega jafnt í heildareinkunn.